

Reykínhlahreppur  
Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri  
Maríutröð 5a  
380 Reykínhlahreppur

Reykjavík, 11. mars 2019  
Tilvísun: 201709095 / 3.2

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Skálaness

Reykínhlahreppur hefur, með tölvupósti þann 25. febrúar 2019, sent Skipulagsstofnun til athugunar að nýju tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn þann 19. febrúar 2019.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð, dags. 22. febrúar 2019. Sveitarfélagsuppdrættir sem sýna gildandi og breytta legu vegarins, ásamt efnistökusvæðum í mkv. 1:100.000, eru birtir á bls. 10-11 í greinargerðinni. Í greinargerðinni er einnig framkvæmdalýsing og skýringaruppdrættir. Umhverfismat breytingartillögunnar er í kafla 5 og er valkostagreining í fylgiskjali hluti umhverfismats. Fylgiskjöl eru:

- Vestfjarðavegur um Reykínhlahrepp, valkostagreining, skýrsla unnin af Viaplan, dags. 12. febrúar 2019.
- Athugasemdir Vegagerðarinnar við valkostskýrslu Viaplan, dags. 8. febrúar 2019.
- Svör Viaplan við athugasemdum Vegagerðarinnar, dags. 12. febrúar 2019.

### Aðdragandi skipulagsbreytingarinnar

Aðalskipulagsbreytingin á sér langan aðdraganda og er umfjöllun um málsmeðferð á fyrri stigum í kafla 1.2 í tillögunni. Skipulagsstofnun fór yfir tillögu að breytingu á aðalskipulaginu síðastliðið sumar. Í þeirri tillögu var gerð grein fyrir ákvörðun sveitarstjórnar um val á leið Vestfjarðavegar með hliðsjón af tveimur kostum sem skoðaðir höfðu verið í vinnsluferli aðalskipulagsbreytingarinnar, þ.e. leið ÞH (Þorskafjörður að vestanverðu) og leið D2 (jarðgöng undir Hjallaháls). Niðurstaða þáverandi sveitarstjórnar var að velja leið ÞH. Í afgreiðslu Skipulagsstofnunar, dags. 13. júní 2018, var bent á nokkur atriði sem þyrfti að fjalla um eða skýra nánar áður en tillagan yrði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga. Á þeim tíma lá fyrir að niðurstöðu óháðrar úttektar fyrir Vestfjarðaveg væri að vænta og því taldi Skipulagsstofnun það skilvirkari málsmeðferð að bíða með auglýsingu aðalskipulagstillögunnar þar til sveitarstjórn hefði tekið afstöðu til niðurstöðu úttektarinnar, enda myndu breytingar fyrirsjáanlega kalla á aðra auglýsingu aðalskipulagstillögunnar. Ferlið í kjölfarið er ítarlega rakið í kafla 1.2, þar með talin aðkoma Skipulagsstofnunar til leiðbeiningar sveitarfélaginu og afstaða einstakra fulltrúa í sveitarstjórn til skipulagsákvörðunarinnar.

Tillagan sem nú er lögð fram gerir ráð fyrir breyttri legu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi um Teigsskóg og nánari útfærslu á þverunum yfir Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð auk efnistökusvæða vegna lagningar vegarins. Um er að ræða svokallaða ÞH leið. Einnig er gert ráð fyrir

nýjum tæplega 6 km héraðsvegi að Djúpadal. Sett eru skipulagsákvæði um hönnun vegarins, framkvæmd vegagerðarinnar og frágang mannvirkja.

Í umhverfismatinu eru bornir saman fjórir valkostir fyrir veglínu milli Skáldsstaða og Skálaness þ.e. jarðgöng undir Hjallaháls leið D2, Teigskógarleið ÞH ásamt þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar og tvær leiðir sem liggja frá Skáldsstöðum um Reykhólaþorpið, Reykhólaleið R og Reykhólaleið A3. Valkostunum er nánar lýst í skýrslu Viaplan og valkostum D2 og ÞH enn frekar í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá febrúar 2017. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum er frá 28. mars 2017.

Um er að ræða ákvörðun um veglínu ÞH sem fer um svæði nr. 303 á náttúruminjaskrá (sbr. C-hluta náttúruminjaskrár samkvæmt lögum um náttúruvernd) og liggur um Breiðafjörð sem er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Lagning vegarins mun skerða vistgerðir og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til eins og nánar er fjallað um í umhverfismati framkvæmdarinnar. Rökstuðning sveitarstjórnar fyrir nauðsyn þess að velja leið ÞH er að finna í bókunum fulltrúa í sveitarstjórn Reykhólahrepps í fundargerðum sveitarstjórnar dags. 22. janúar og 19. febrúar 2019. Þar er ekki með skýrum hætti vikið að brýnni nauðsyn á að leggja veginn samkvæmt leið ÞH með hliðsjón af ákvæðum laga um náttúruvernd, en fram kemur að fulltrúar í sveitarstjórn telja sér ekki fært að velja aðra leið.

#### **Athugun Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur að áður en tillagan er auglýst þurfi að bregðast við eftirfarandi atriðum:

Í kafla 3 kemur fram að markmið sveitarstjórnar um greiðari vegasamgöngur þurfi að skoða með hliðsjón af annarri stefnu og áætlanagerð. Tilgreind eru markmið úr völdum stefnuskjölum auk þess sem vísað er í náttúruverndarákvæði sem gilda á skipulagssvæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar þarf einnig að vísa í ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd sem fjallar um sérstaka vernd tiltekinnar vistgerða og jarðminja sem skipulagsákvörðunin mun hafa áhrif á eins og votlendi, sjávarfitjar og leirur og sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga birkiskóga. Einnig þarf að greina frá því hvort og hvernig skipulagsákvörðunin samræmist markmiðunum og hvernig markmiðin hafi áhrif á niðurstöðu umhverfismats skipulagsbreytingarinnar.

Í fjórða kafla er lýsing á tilhögun framkvæmdarinnar við lagningu vegarins og efnistöku og frágang. Þar sem útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir nýjum vegi verður byggð á aðalskipulagsbreytingunni er mikilvægt að sett sé skýr stefna um alla þætti framkvæmdarinnar. Lýsa þarf útfærslu á brúm og brúaropum þar sem það er veigamikill þáttur varðandi áhrif framkvæmdarinnar, sérstaklega á ásýnd og lífríki sjávar.

Í fimmta kafla í tillögunni er fjallað um áhrif valkosta um veglínu á umferðaröryggi og ýmsa samfélags- og kostnaðarþætti sem voru til skoðunar í valkostagreiningunni. Minni umfjöllun er um áhrif mismunandi leiða á náttúrufræðilega þætti, sbr. stutta samantekt á bls. 30 og 31. Að mati Skipulagsstofnunar er hægt að vísa í fyrirliggjandi mat á umhverfisáhrifum, eins og þegar er gert. Hins vegar telur stofnunin að gera þurfi grein fyrir því hvaða rannsóknir á náttúrufræðilegu hafa verið gerðar eftir að mati á umhverfisáhrifum lauk í mars 2017 og hvernig þær hafi haft áhrif á útfærslu vegarins eða aðra þætti framkvæmdarinnar. Bent er á að niðurstaða í áliti Skipulagsstofnunar um áhrif valkosta um Vestfjarðaveg á einstaka þætti umhverfisins er ekki að öllu leyti sú sama og niðurstaða Vegagerðarinnar, en það er ekki dregið sérstaklega fram í skýrslu Viaplan, þó umfjöllun um álitid sé að finna í kafla 4.2. Það á m.a. við um áhrif leiðar ÞH á fornleifar og gróðurfar, sem Skipulagsstofnun metur veruleg neikvæð, og áhrif á lífríki sjávar innan þverana Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar þar sem stofnunin telur að ekki sé hægt að ganga út frá að áhrifin séu óveruleg. Í álitinu kemur einnig fram að í ljósi óvissu um áhrif fyrirhugaðra þverana á leirur og lífríki

sjávar telji Skipulagsstofnun mikilvægt að gerðar verði rannsóknir á botnseti í fjörðunum og straumar mældir.

Í kafla 5.7 er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum sem grípa á til á hönnunartíma, framkvæmdatíma eða að loknum framkvæmdum við lagningu vegarins. Þar er um að ræða mótvægisáðgerðir sem eru tilgreindar í kafla 8.1 í matskýrslu Vegagerðarinnar og lúta að endurheimt gróðurlendis, fornleifum, fuglalífi, landslagi og endurheimt leira. Mótvægisáðgerðirnar eru settar þannig fram af hálfu Vegagerðarinnar að einstök atriði skuli skoða þegar ákvörðun hafi verið tekin um leiðarval. Nú þegar leiðarval liggur fyrir þarf að taka afstöðu til hverjar þessara mótvægisáðgerða eiga við í kafla 2.2 og/eða flétta inn í framkvæmdalýsingu í kafla 4 með skipulagsákvæðum þar sem það á við vegna lagningar vegarins, brúargerðar og efnistöku. Sem dæmi má nefna mótvægisáðgerðir ef til efnistöku kemur á Gróunesi (E9) en þar er gert ráð fyrir að sprengja klappir.

Bent er á að leiðrétt þarf vísun í samþykkt sveitarstjórnar á tillögunni í kafla 1.3. Tillagan var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 19. febrúar 2019.

Í fjórða kafla á bls. 21 þarf að lagfæra númer tveggja efnistökusvæða, það er utan Krakár og hjalli utan Þórisstaða.

Í kafla 1.3, kemur fram að haft verði samráð við umsagnaraðila á auglýsingatíma tillögunnar. Skipulagsstofnun bendir á að jafnframt þarf að óska leyfis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að breyta landbúnaðarsvæði í aðra landnotkun, sbr. ákvæði jarðalaga.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra atriða. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggja frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana.



Birna Björk Árnadóttir